

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Reykjabyggð 34, Reykjamelum, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 34 við Reykjabyggð, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 11. október 2000.

Breyting felst í því að byggingarreitur fyrir bílskúr er stækkaður til suðurs um 1,5 m. Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

*Mosfellsbæ, 25. október 2000.*

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

24. október 2000

Nr. 780

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Arnarhraun 21.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. október 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin varðar landnotkun á lóðinni Arnarhraun 21 sem er breytt úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. október 2000.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

24. október 2000

Nr. 781

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Hafnarskógur í Leirár- og Melahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. október 2000 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Um er að ræða breytta landnotkun á jörðinni Höfn II þannig að hluti svæðis sem skilgreint er sem fólkvangur er breytt í frístundabyggð auk þess sem gert er ráð fyrir 2 ha svæði fyrir heilsárshús.